



Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2023, fimmtudaginn 17. ágúst kl. 09.20 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 3. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 2. hæð, Sjónarhól. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Edda Ívarsdóttir.

Fundarritari var Dagný Alma Jónasdóttir

Þetta gerðist:

1. Tillaga um gangbraut við Réttarholtsveg

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að gönguþverun yfir Réttarholtsveg við Hæðargarð verði merkt sem gangbraut

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

2. Túngata 3 – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að bifreiðastæði við Túngötu 3 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.



3. Hverfisgata 88 – stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að bifreiðastæði við Hverfisgötu 88 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

4. Höfði við Félagstún – stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að tvö bifreiðastæði við Höfða, Félagstúni verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 10.00

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Tillaga um gangbraut við Réttarholtsveg

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að gönguþverun yfir Réttarholtsveg við Hæðargarð verði merkt sem gangbraut

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.


Greinargerð:

Unnið er að stígagerð meðfram hitaveitustokk sem liggur í gegnum Gerðin, m.a. samsíða Hæðargarði. Þannig er stígagerð lokið vestan Réttarholtsvegar og stendur til að framkvæma þverun og stíga austan götunnar. Þar sem stígurinn þverar Réttarholtsveg er í dag ómerkt gönguþverun. Töluverð umferð ökutækja er um Réttarholtsveg og er þörf á því að bæta aðgengi fyrir gangandi og hjólandi, sér í lagi þar sem grunnskóli er í nágrenninu. Því er lagt til að gönguþverunin yfir Réttarholtsveg við Hæðargarð verði merkt sem gangbraut.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaða gangbraut yfir Réttarholtsveg, við Hæðargarð ásamt viðeigandi umferðarmerkingum.



Skyrsla:

Í VINNSLU
Vinnu: 14.06.2023 09:22
Prentað: 14.06.2023 09:26

6				
5				
4				
3				
2				
1				
0				
Δ	hæðingur	Dagur	Stærð	Stærð



HNIÞ VERKFRÆÐISTOFA
 Húsnámsvegur 58-60
 101 Reykjavík
 Sími: 575-2800
 Fél: 575-2802
 Vefur: www.hni.is

Reykjavíkurborg
 Umhverfis- og skipulagssvið
 Borgartúni 10-14
 101 Reykjavík
 Sími: 403-3333

STÍGUR MÍÐFRAM HÍÐAVESTUSTOKK
 MÍÐ HÉLLULÖGÐ TINGJAF OG SKULÖGJAF

GÖNGUVERANIR OG INNKEYSLA
 INNKEYSLA OG GÖNGUVERUN VÍÐ RÉTTARHOLTSVEG

Skjalnúmer: Z(88)02



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Túngata 3 – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að bifreiðastæði við Túngötu 3 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Tillagan var samþykkt á fundi nefndar sem fjallar um umsóknir um sérmerkt bílastæði hreyfihamlaðra í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, dags. 4. júlí 2023.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd yfir Túngötu þar sem áætluð staðsetning stæðis fyrir hreyfihamlaðan einstakling er merkt með bláu.



Reykjavíkurborg





TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Hverfisgata 88 – Stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að bifreiðastæði við Hverfisgötu 88 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Fá stæði eru frátekin fyrir hreyfihamlaða á Hverfisgötu, en í grennd við það stæði sem lagt er til að verði merkt hefur verið mikil uppbygging íbúðabygginga sem og verslunarrýma. Er því fyrirséð að stæðið muni nýtast vel. Svæðið sem stæðið verður á hefur verið innan athafnasvæðis uppbyggingaraðila, sem samþykkt var með veitingu afnotaleyfis, en hefur nú verið skilað aftur.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd yfir Hverfisgötu með fyrirhugaðri breytingu innmerktri



Reykjavíkurborg





TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Höfði við Félagstún –stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að tvö bifreiðastæði við Höfða, Félagstúni verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Á bílastæðinu við Höfða eru engin bílastæði sérstaklega merkt fyrir hreyfihamlaða og hefur verið óskað eftir að úr því verði bætt. Er því lagt til að tvö bílastæði verði merkt sem almenn stæði fyrir hreyfihamlaða.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd yfir bílastæðið við Höfða, Félagstúni með fyrirhuguðum breytingum



Reykjavíkurborg

